

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis og eignasviðs
og Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 18. nóvember 2022
Mnr. 2022050025



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Viðauki Eignasjóður viðhald

Endurbætur á Grunnskólanum á Ísafirði hafa staðið yfir vegna myglu sem upp kom í lok apríl. Ljóst er að gluggar á norðurhlið voru verr farnir en vonað var og tíð lekavandamál. Auka þarf því viðhaldsfé vegna Grunnskólans á Ísafirði til að klára þann frágang. Viðbótarkostnaður er áætlaður um 13 m.kr. við núverandi áætlun.

Vegna þessa verkefnis var farið í að rýna í viðhald hjá öllum málaflokkum Ísafjarðarbæjar. Meðfylgjandi er yfirlit yfir viðhaldskostnað sem sundurliðaður er niður á deildir og verkefni og miðar það yfirlit við bókaða reiknina 18.11.2022. Bókaður viðhaldskostnaður í byrjun nóvember nemur 260 m.kr. en áætlað viðhald fyrir árið er 291 m.kr.

Lagt er til viðbótar tilfærslur viðhalds vegna niðurstöðu rýningar en samanlögð áhrif viðaukans á A- og B hluta Ísafjarðarbæjar er kr. 0. Áhrif viðaukans á A hluta er lækkun kostnaðar um 3,9 m.kr. Með þessum viðauka er verið að taka allt viðhald niður í það sem allra nauðsynlegast er vegna verkefna sem eru í vinnslu fram að áramótum.

Eftirfarandi verkefnum þarf að leggja til aukið fé

- 05210 Snjóflóðavarnir og uppkaup, viðbót 6 m.kr. vegna drenlagna á Urðarvegi í tengslum við ofanflóðavarnir. Fæst ekki styrkur á mótí.
- 31160 Skólahúsnæði Flateyri, viðbót 1 m.kr. vegna ónýtt ofnakerfi og tæringar.
- 31220 Íþróttamannvirki Ísafirði, viðbót 3,3 m.kr. og skiptist í viðbót 1,5 m.kr. vegna saunaklefi í Sundlauginni á Austurvegi og 2 m.kr. í girðingu á Torfnesi
- 31260 Íþróttamannvirki Flateyri, viðbót 4,7 m.kr. vegna einangrun á gafl á húsnæði íþróttasalar. Kom upp vegna lekavandamála í vor.
- 31330 Tjaldsvæði ÞI, viðbót 260 þ.kr. vegna kostnaðar sem áætlaður var á deild Tjaldsvæðis en tilheyrir Eignasjóði. Tilfærsla
- 57120 Fastís íbúðir ÍS, viðbót 10 m.kr. Viðbótar viðhald vegna Múlaland 1,5 m.kr. (ný eldhúsinnrétting og parket) þar sem íbúð var ekki hæf til leigu og viðbót vegna leka í Pollgötu nemur 8,5 til að hægt sé að þétta húsnæðið að utan og hefja vinnu við tvær íbúðir.
- 57190 Fastís íbúðir SU, viðbót 4,1 m.kr. – Tungata 13 og Tungata 15, fara þurfti í lagfæringar á ljósum á báðum stigagöngum, 1,3 m.kr. þarf í það. Íbúð 101 í Tungötu 15 þurfti verulegar endurnýjunar vegna lekaskemmda sem nema 3,6 m.kr.

Eftirfarandi verkefni er lagt til að fresta eða endurmeta til að mæta ofangreindum verkefnum.

- 31180 Skólahúsnæði Þingeyri, lækkað um 1,3 m.kr. til að mæta tilfallandi verkefnum.

- 31190 Skólahúsnæði Suðureyri, lækkað um 500 þ.kr. en ekki er líklegt að komist verði í að klára viðhald á Grunnskólanum á Suðueyri fyrr en á vormánuðum. Svigrúmi haldið eftir sem nemur 1 m.kr. til að klára setja upp einn stóran glugga en óvíst er að menn fáið í það.
- 31280 Íþróttamannvirki Þingeyri, lækkað um 1 m.kr. þar sem hætt var við viðhald á gluggum og fyrirhuguð er heildar endurnýjun sem fer fram á næsta ár.
- 31290 Íþróttamannvirki Suðureyri, lækkað um 2 m.kr. þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að komist verði í málun útipotta að svo stöddu.
- 31320 Þjónustubyggingar Ísafirði, lækkað um 770 þ.kr. og haldið eftir svigrúm um 1,2 m.kr. til að mæta tilfallandi viðhaldi hjá Safnahúsi, Slökkvistöð , bæjarkrifstofu, neðstakaupstað, Strandgötu 15 og Suðurtanga 1.
- 31380 Þjónustubyggingar Þingeyri, lækkað um 3,3 m.kr. vegna fresturnar á framkvæmdum við félagsheimilið á Þingeyri en ekki fékkst verktaki og verður reynt aftur við það á næsta ári.
- 31520 Íbúðarhúsnæði Ísafirði, tekjur auknar um 1,8 m.kr. vegna styrkveitingar frá Mynjastofnun vegna glugga í Krambúð sem er væntanlegur.
- 31620 Aðrar húseignir, lækkað um 750 þ.kr. þar sem ekki er þörf á viðhaldi í skúrunum við Fjarðarstræti 20. Þeir hafa verið rifnir.
- 31690 Ýmsar fasteignir, aðrar, aukning styrkja um 1,4 m.kr (salthús 800þ og svarta pakkhús 510þ). Viðhald lækkað um 601 þ.kr. þar sem ekki frekara viðhalds er þarft í ár.
- 53180 Hlíf, þjónusturými, lækkað viðhald um 5,9 m.kr., frestað að fara í.
- 53520 Hlíf I, leiguíbúðir, lækkað viðhald um 3,4 m.kr. þar sem fyrirséð er að engar íbúðir losni sem þarfnist viðhalds.
- 13620 Tjaldsvæði, lækkað viðhald um 3 m.kr., en hluti viðhalds tilheyrði Eignasjóði.
- 13240 Fjárgirðingar, lækkað viðhald um 2 m.kr., vegna tilfallandi viðhalds.
- 11220 Almenningsgarðar, lækkað viðhald um 4,4 m.kr., frestað að fara í ljós í Jónsgarði og stígagerða.
- 33210 Þjónustumiðstöð, Áhaldahús lækkað viðhald um 1,4 m.kr. vegna tilfallandi.
- 10590 Götulýsing, lækkað viðhald um 1 m.kr. vegna tilfallandi viðhalds.
- 10310 Viðhald gatna, lækkað viðhald um 5 m.kr en þar af nemur endurhleðslu á Silfurtorgi sem áætluð var 3,5 m.kr. og er frestað fram á næsta ár.
- 10530 umferðarmerking, lækkað viðhald um 1,5 m.kr, minni efniskaup vegna minni endurnýjunarþarfar á skiltum og hraðahindrunum.
- 05210 Safnahús, lækkað viðhald um 1,9 m.kr, miklar viðhaldsframkvæmdir hafa staðið þar yfir sem tilheyra Eignasjóði.
- 04210 Grunnskólinn á Ísafirði, auknar tekjur um 1,5 m.kr vegna greiðslna frá námsgagnasjóði vegna námsleyfis umfram áætlun.
- 63610 Funi, lækkað viðhald um 1 m.kr., frestað fram á næsta ár.